

Að hugsa UPPHÁTT VIÐ LESTUR

(think alouds)

Aldurshópur

Allir nemendur sem þurfa að verða meðvitaðir um lestrarferli sitt og læra að beita markvissum aðferðum í glímu við texta.

Um aðferðina

Aðferðin er í raun einföld en hún felst í því að veita nemendum innsýn inn í hugsun reynds lesara, eða kennarans, meðan á lestri stendur. Aðferðin er fólgin í því að kennarinn segir frá því hvernig hann nálgast textann áður en hann byrjar lesturinn, hvernig hann hugsar um efni textans á meðan hann les og leysir úr því sem hann skilur ekki meðan á lestri stendur. Að lokum greinir hann frá því hvernig hann vinnur úr textanum að lestri loknum. Þannig kennir kennarinn nemendum markvissa nálgun við lestur á texta en nemendur þurfa að búa yfir þessari færni þegar texti er þungur og reynir á lesskilning þeirra. Með þessari nálgun er nemendum sýnt og kennt hvernig þeir beita mörgum aðferðum eða tækni á heildrænan hátt við lestur og liggja kostir aðferðarinnar ekki síst í því að bjargir, sem styðja við lesskilning nemenda, eru notaðar í merkingarbæru samhengi í glímu við texta en ekki þjálfaðar í tómarúmi.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að það er mjög gagnlegt fyrir nemendur að færa hugsanir sínar í orð og ræða upphátt þær aðferðir sem þeir nota til að styrkja lesskilning sinn. Það gerir þá færari um að leggja mat á það hvort skilningurinn er fullnægjandi og að axla ábyrgð á honum sjálfir. Aðferðin hjálpar nemandanum því að efla námsvitund sína (að geta hugsað um eigin hugsun) og gerir honum kleift að leggja mat á stöðu eigin skilnings og grípa til viðeigandi aðgerða ef þörf krefur.

Góðir lesarar grípa bæði ómeðvitað og meðvitað til fjölbreyttra verkfæra til að tryggja lesskilning sinn en hjá slökum lesurum kemur slíkt innsæi ekki af sjálfu sér. Aðferðina þarf að kenna í gegnum stigskiptan stuðning þar sem ábyrgðin á framkvæmdinni færast smám saman frá kennara og yfir á nemendur en með góðum stuðningi, nægum tækifærum til þjálfunar og eftirfylgni, sem m.a. er fólgin í því að minna á notkun aðferðarinnar, má gera lestur nemenda skilvirkari.

Markmið aðferðar

- Að nemendur verði virkir við lestur þannig að þeir læri að ígrunda texta um leið og þeir lesa hann.
- Að nemendur nái tökum á að fylgjast með eigin hugsun á meðan á lestri stendur svo þeir efla lesskilning sinn.
- Að nemendur verði skipulagðari í nálgun sinni við lestur og úrvinnslu á texta.
- Að nemendur leysi lestrarhnúta sem verða á vegi þeirra við lestur.

Gögn

Að hugsa upphátt við lestur (veggspjald)

Framkvæmd

Undirbúningur kennarans skiptir höfuðmáli við útfærslu aðferðarinnar. Kennarinn þarf að vanda textaval, skoða hvar hann ætlar að stoppa í texta og hvernig hann ætlar að greina nemendum frá því sem hann er að hugsa. Hann þarf að ákveða fyrir fram hvar hann ætlar að leysa lestrarhnúta og hvaða atriði hann ætlar að leggja áherslu á (tilgang lestrar, bakgrunnsþekkingu, gerð spurninga, forspá o.s.frv.).

Til að einfalda innleiðingu aðferðarinnar getur verið gott að styðjast við eftirfarandi spurningar sem beina sjónum nemenda að því sem hægt er að gera til að efla lesskilninginn áður en lestur hefst, á meðan á lestri stendur eða eftir að honum lýkur:

Áður en lestur hefst

- Hvers konar texti er þetta?
- Hvers vegna les ég þennan texta?
- Hvað veit ég um efnið?
- Hvað held ég að textinn muni fjalla um?
- Hvað held ég að ég muni læra af lestrinum?
- Hvað segir myndefnið mér um efni textans?
- Hvað segir framsetningin á textanum um hann (t.d. kaflaheiti, millifyrirsagnir, feitletranir og myndatexti).

Á meðan á lestri stendur

- Skil ég það sem ég er að lesa?
- Hef ég skýra mynd í kollinum af því sem textinn fjallar um?
- Hvað held ég að gerist næst?
- Hvað á ég að gera ef ég rekst á lestrarhnút?
- Hvað var ég að lesa í síðustu efnisgrein? Hvernig myndi ég draga efnið saman?

Eftir að lestri lýkur

- Um hvað fjallaði textinn?
- Hvað var það sem skipti mestu máli í textanum?
- Hvernig passar efni textans við annað sem ég veit um efnið?
- Hvað hef ég lært?
- Hvernig á ég að nota þessar upplýsingar?

Þegar nemendur byrja að vinna sjálfstætt er mikilvægt að láta þá skrifa niður allar athugasemdir og vangaveltur um textann en aðferðinni er hægt að beita á allar tegundir texta. Með því að safna athugasemdunum saman og rýna í þær getur kennarinn fengið góðar upplýsingar um forsendur nemenda til að skilja texta út frá almennri þekkingu, orðaforða og færni við að tengja saman bakgrunnsþekkingu og nýjar upplýsingar. Athugasemdirnar geta jafnframt veitt honum upplýsingar um ályktunarhæfni nemenda og skilning þeirra á því hvernig stílbrögð (s.s. líkingar, myndmál, endurtekningar, andstæður, vísanir og þversagnir) geta haft áhrif á merkingu texta. Þessar upplýsingar er svo hægt að nýta þegar meta á hæfni einstakra nemenda til að vinna ákveðna texta og hvers konar stuðning þeir gætu þurft í glímunni við þá.

Margir kennarar þekkja það hversu erfitt það getur verið að virkja nemendur í innihaldsríkar umræður. Sýnt hefur verið fram á að þessi nálgun, þar sem nemendur fá tækifæri til að velta eigin skilningi á texta og beitingu aðferða fyrir sér, leggi til mjög góðan efnivið í góðar og gagnlegar samræður inni í bekk, í litlum hópum eða pörum. Við þessi skilyrði fara umræður fyrst og fremst fram á forsendum nemenda og verða bæði merkingarbærari og gagnlegri fyrir vikið.

AÐ HUGSA UPPHÁTT VIÐ LESTUR



Áður en lestur hefst

- Hvers konar texti er þetta?
- Hvers vegna les ég þennan texta?
- Hvað veit ég um efnið?
- Hvað held ég að textinn muni fjalla um?
- Hvað held ég að ég muni læra af lestrinum?
- Hvað segir myndefnið mér um efni textans?
- Hvað segir framsetningin á textanum um hann (t.d. kaflaheiti, millifyrirsagnir, feitletranir og myndatexti).



Á meðan á lestri stendur

- Skil ég það sem ég er að lesa?
- Hef ég skýra mynd í kollinum af því sem textinn fjallar um?
- Hvað held ég að gerist næst?
- Hvað á ég að gera ef ég rekst á lestrarhnút?
- Hvað var ég að lesa í síðustu efnisgrein? Hvernig myndi ég draga efnið saman?



Eftir að lestri lýkur

- Um hvað fjallaði textinn?
- Hvað var það sem skipti mestu máli í textanum?
- Hvernig passar efni textans við annað sem ég veit um efnið?
- Hvað hef ég lært?
- Hvernig á ég að nota þessar upplýsingar?

